

Motteldur 31.10.2019 kl. 14:10

Fúll

BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177
Netfang: bj@press.is - Heimasíða: <http://www.press.is>



Ríkissáttasemjari
Borgartúni 21
105 Reykjavík

TILKYNNING UM VINNUSTÖÐVUN

Fyrir hönd Blaðamannafélags Íslands tilkynni ég Samtökum atvinnulífsins um tímabundna vinnustöðvun félagsmanna Blaðamannafélags Íslands svo sem nánar greinir í tilkynningu þessari.

Samninganefnd Blaðamannafélags Íslands samþykkti að láta fara fram almenna leynilega atvæðagreiðslu á kjörfundi um boðun vinnustöðvunar á meðal þeirra félagsmanna Blaðamannafélags Íslands sem starfa hjá Árvakri hf., kt. 430169-1069, Ríkisútvarpinu ohf. Kt.600307-0450, Sýn hf. kt. 470905-1740 og Torg ehf. kt. 610808-1230 og vinna samkvæmt kjarasamningi Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins og sem rann út þann 31. desember 2018.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Blaðamannafélags Íslands hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Almenn leynileg atkvæðagreiðsla fór fram á kjörfundi samkvæmt auglýsingu þar að lútandi, sem haldinn á starfsstöðvum ofangreindra atvinnurekenda og í húsakynnum Blaðamannafélags Íslands frá kl. 9.30 til kl. 17.00 þann 30. október 2019

Alls voru á kjörskrá 211 félagsmenn. Atkvæði greiddu 131. Samþykkir verkfallsboðun voru 109 og var tillagan samþykkt með 83.2% greiddra atkvæða.

Vinnustöðvunin er tímabundin og tekur til félagsmanna Blaðamannafélags Íslands sem starfa hjá eftirtöldum atvinnurekendum:

Árvakri hf. kt. 430169-1069,

Ríkisútvarpinu ohf. kt. 600307-0450,

Sýn hf. kt. 470905-1740,

Torg ehf. kt. 610808-1230,

föstudaginn 8. nóvember 2019 klukkan 10-14,

föstudaginn 15. nóvember 2019 klukkan 10-18,

föstudaginn 22. nóvember 2019 klukkan 10-22,

fimmtudaginn 28. nóvember 2019 klukkan 10-22.

Þann 8., 15. og 22. nóvember 2019 tekur vinnustöðvunin til ljósmyndara og tókumanna hjá ofangreindum atvinnurekendum og þeirra blaða- og fréttamanna sem starfa hjá netmiðlum ofangreindra atvinnurekenda, þ.e.a.s. mbl.is, visir.is, frettabladid.is og ruv.is.

Fimmtudaginn 28. nóvember 2019 tekur vinnustöðvunin til blaðamanna sem starfa við prentútgáfu Morgunblaðsins og Fréttablaðsins auk ljósmyndara og tókumanna.

Samrit tilkynningar hefur verið send Samtökum atvinnulífsins.

Reykjavík 31. október 2019

Hjálmar Jónsson
formaður Blaðamannafélags Íslands